



17. stjórnarfundur LH

Vinnufundur haldinn í ÍSÍ 21. febrúar 2016 kl. 11:00

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Haukur Baldvinsson, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Stella Björg Kristinsdóttir

Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason ritari

Mættir úr varastjórn: Helga Björg Helgadóttir í stað Eyþórs, Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir

Fjarverandi: S. Rúnar Bragason, Petra Kristín Kristinsdóttir

1. Samantekt og umræða um heimsókn til LM umsækjenda

Helstu atriði: rekstrarform skiptir miklu máli, mikilvægt að LM séu ekki að koma LH í fjárhagslegar skuldir.

- rekstur móta á að vera óháður uppbyggingu á mótssvæði
- samhugur um að stjórn hafi fengið frábærar viðtökur hjá öllum umsækjendum
- umsækjendur tóku tillögu stjórnar um rekstrarfyrirkomulag almennt vel
- ákveðið að stjórn komi fljótlega aftur saman og greiði atkvæði um LM 2020/2022

2. Kristinn Hugason kom í heimsókn og kynnti stöðuna á sameiningarverkefninu. Ítarleg greining á ársreikningum, tekjustreymi og kostnaði undanfarinna ára leiðir í ljós að afgerandi samlegðaráhrif af sameiningu félaganna sé að vænta. Helsti ávinningur liggur þó í rekstrarhagkvæmni og að skapa eina sterka rödd.

Markmiðið er að búa til félagshreyfingu hestamanna sem er þá væntanlega deildaskipt eftir áherslum. Kristinn leggur áherslu á að draga inn ferðapjónustuna í þetta samstarf, enda mikil aukning á hestatengdri ferðamennsku.

Heildartekjur 2014 nema u.þ.b 80 milljónir ISK, þar af félagsgjöld ¼. Vantar meiri tekjustreymi inn í greinina, ekki bara milli manna innan greininnar. Kristinn skilar af sér skýrslu í lok marsmánaðar.

3. HM - hótélbókanir

Af gefnu tilefni vill RÞG koma því á framfæri að hann hafi ekki hagnast persónulega á neinum hótélbókunum vegna HM2015 í Herning.

4. Verkefnastjóri hjá Íslandsstofu

Nýráðinn verkefnastjóri hjá Íslandsstofu, Jelena Ohm, er að fara mjög vel af stað. Mikilvægur þáttur í þessu verkefni snýr að fjáröflun til að fjármagna verkefnið og þarfnast víðari stuðnings, m.a. stjórnar. LH þarf að vera meira hvetjandi til þess að koma atvinnustarfsemi uppá yfirborðið.

5. FEIF þing

- a) **Youth meeting** - Gott þing, að vanda. HBH lýsti vonbrigðum sínum yfir því að færri en ella sátu fund um æskulýðsmál. Undirbúningur fyrir Youth Cup 2016 í Hollandi kominn vel á veg.



Gist verður í tjöldum. Búið er að senda upplýsingar um Youth Cup til félaganna en vantar að auglýsa betur almennt og á heimasíðu LH. Þurfum líka að kynna betur myndbandasamkeppni Feif Youth hérlendis, en hugmyndin er að myndböndin verði sýnd á LM á stóra skjánum.

Næstu viðburðir nefndarinnar:

- i. Leiðtoganámskeið verða haldin í Svíþjóð í haust fyrir 18-25 ára.
 - ii. Belgía Youth Camp 2017
 - iii. Svíþjóð Youth Cup 2018
 - iv. Ísland Youth Camp 2019
 - v. Sviss Youth Cup 2020
- b) **Leisure committee** – JDB - Samúel Örn var í kjöri, en hann mætti ekki á fundinn. Ísland var með fulltrúa sem ekki var mættur og var því mótmælt og Samúel er því áfram í nefndinni.
- c) **Education committee** – JDB gerði grein fyrir því að Herdís Reynisdóttir var með kynningu á því sem er að gerast í menntamálum á Íslandi. Mjög fróðlegt að heyra síðan hvað önnur lönd eru að gera í menntamálum, en þarna þarf að samræma próf og fleira.
- d) **Chairperson meeting** - LÁH sagði okkur hvað hefði farið fram á formannafundinum. Eftir langa umræðu samþykkti fundurinn 15% hækkun á árgjöld aðildarlandanna til FEIF. LÁH óskaði eftir því að Íslendingar fengju aðra helgina í júlí til að halda Landsmót annað hvert ár. Önnur lönd myndu sníða sín stórmót að þeirri dagsetningu. Tekið vel í þetta.
- e) **Dagur ísl hestsins** - verður 1.maí í öllum heiminum. Vonumst við til að fá sem flesta til að taka þátt og verður þessi viðburður auglýstur nánar síðar.

6. Verkefnalistinn – geymdur til næsta fundar.

7. Fagnefnd Hólaskóla - Óskuðu eftir að tilnefningu í fagnefnd Hólaskóla – Samþykkt var að LÁH tæki sæti í nefndinni fyrir hönd LH.

8. Verkefni er varða lög sambandsins sem þarf að skoða fyrir næsta landsþing

- Setja á laggirnar laganefnd LH (Sigurbjörn Magnússon fór síðast yfir lögina)
- Lögina séu kynnt eftir þing
- Lögina stangist ekki á og séu skiljanleg
- Lesa saman þingsköpin og lögina
- Lesa reglur um Íslandsmótin
- Lesa yfir villur í lögum um í hvaða reglur sé vísað og annað
- Hrönn tekur sportnefndarkafli til yfirlstrar 3, 4, 5 og 8 kafli
- Andrea tekur aganefndarkafli til yfirlstrar 1 og 2 kafli
- Gæðingadómarafélaginu verður sent kaflar 6 og 8
- Breytingar á skráningarfresti úr klukkutíma fyrir keppnisgrein yfir í sólarhring þar sem klukkutími er of lítill frestur fyrir mótshaldara í úrvinnslu

10. Dagsetning uppskeruhátíðar 2016 – Uppskeruhátíð hestamanna verður haldin 5. nóvember í Gullhömrum Grafarvogsi.



11. Staðan á LM 2016 – Undirbúningur gengur mjög vel. Forsala fór fram úr björtustu vonum og rafmagnstenglasala gengur vel.

12. Önnur mál

- A. Stjórn LH lýsir stuðningi við að alþjóðadómarapróf verði haldið á Íslandi í haust.
- B. Stuðningsmál Landsliðsnefndar og LH rædd.

Fleira ekki fært til bókar. Fundi slitið kl. 16:32.